



Framkvæmdir við bílastæði, lokun Vatnsmýrarvegjar, lagnavinna og ný tenging fyrir strætó.

Þær framkvæmdir sem standa yfir eru eftirfarandi:

OPNUN BÍLASTÆÐA VIÐ BSÍ

1. Bílastæðareitur A – norðan megin við BSÍ reit (sjá nr. 1 á korti)



- Búið að opna nýja bílastæðareitinn við BSÍ. Þessi 150 bílastæði eru fyrir starfsmenn LSH og HÍ. Frágangi við stæðin er lokið og verið er að vinna í að setja upp lýsingu.

2. Bílastæðareitur B – norðan megin við BSÍ reit (sjá nr. 2 á korti)



- Vinna við þennan bílastæðareit er langt komin. Stefnt er að því að malbika stæðin í lok vikunnar og frágangur gönguleiða, kantsteina og merkingar stæða fari fram í næstu viku.
- Engar takmarkanir á umferð.

TÍMABUNDIN LOKUN VATNSMÝRARVEGAR!

3. Lagning hitaveitu og fráveitu undir Vatnsmýrarveg (sjá nr. 3 á korti)

Dagana 1.10 – 15.10 er ráðgert að grafa í sundur Vatnsmýrarveginn niður við gatnamótin við Hringbraut. Fara þarf með hitaveitu- og frárennislögn þvert undir veginn. Af þessum sökum verður Vatnsmýrarvegurinn lokaður á þessu tímabili og er öikumönnum bent á að fara um Njarðargötu í staðinn.

Líklegt er að lagnaskurðirnir verði fleygaðir en þó gæti þurft að sprengja klöppina en vegna fjarlægðar frá starfsemi á það ekki að valda truflunum.

4. Vinna við bílastæði vestan Eirbergs (sjá nr. 4 á korti)



Undanfarna viku hefur vinna við frárennislögn vestan Eirbergs átt sér stað og hefur það haft áhrif á fjölda bílastæða á svæðinu. Áætlað er að þegar lagnavinna líkur verði farið í gerð nýrra bílastæða á svæðinu sem fyrst og fremst verði ætluð fyrir sjúklinga.

5. Bílastæðareitur D – austan Alaska reits (sjá nr. 5 á korti)



Byrjað er að vinna við gerð bráðabirgðabílastæða austan Alaska reits. Þetta hefur þau áhrif á meðan á framkvæmdum stendur að bílastæðum á malarsvæði sunnan gömlu Hringbrautar (sjá mynd) fækkar. Áætlaður verktími við gerð þessara bílastæða er 7 vikur. Það má því búast við opnun þessara stæða í lok október eða byrjun nóvember.

6. Lagnavinna sunnan og vestan Læknagarðs (sjá nr. 6 á korti)

Verið er að leggja hitaveitu og frárennislagnir sunnan Læknagarðs og vinna við hreinsunarsíu fyrir ofanvatn stendur yfir við horn Hringbrautar og Vatnsmýrarvegjar, suðvestur af Læknagarði.


Þessar framkvæmdir hafa ekki áhrif á umferð eða starfsemi LSH eða HÍ en umferð vinnuvéla á sunnanverðri lóðinni (neðan gömlu Hringbrautar) getur orðið talsvert mikil vegna margra verkþátta sem þar er verið að vinna.

7. Ný tenging fyrir strætó milli Vatnsmýrarvegjar og gömlu Hringbrautar (sjá nr. 7 á korti)

Hafin er vinna við gerð bráðabirgða vegtengingar fyrir strætó í beinni línu upp frá Vatnsmýrarvegi og upp á gömlu Hringbraut. Áætlaður verktími fyrir þennan framkvæmdalið er 4 vikur. Búast má við að opnun þessarar tengingar verði komin á upp úr miðjum október.

Skýringarmynd

Á eftirfarandi korti eru sýndir hringir utan um þau svæði þar sem framkvæmdir standa yfir.



Nánari upplýsingar.

Allar upplýsingar um framkvæmdina verða birtar á upplýsingasíðum NLSH, Landspítala og Háskóla Íslands og annarra hagsmunaaðila eftir því sem verða vill. Einnig mun upplýsingum verða reglulega komið á framfæri í fjölmiðlum ef miklar breytingar verða á umferðarfyrirkomulagi.

Nánari tæknilegar- og verkframkvæmdaupplýsingar veita:

Ásbjörn Jónsson verkefnastjóri NLSH, 841 7050 eða netfangið asbjorn@nlsh.is

Ólafur Birgisson verkefnastjóri FSR, 896 7330 eða netfangið olafur.b@fsr.is

Aðrar almennar upplýsingar veitir Magnús Heimisson samskiptastjóri NLSH, 866 1378 eða magnus@nlsh.is.

Sértækar upplýsingar veitir af hálfu Landspítala Stefán Hrafn Hagalín 897 3644 stefanh@landspitali.is og frá Háskóla Íslands Björn Gíslason 896 0876 bgisla@hi.is